

Nr. 104 / 10 Árni Friðriksson RE 200**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2350 IMO nr. 9192404
Smíðaður: Chile 2000, stál
Stærð: 980 brl. 2233 bt.
Mesta lengd: 69,9 m Skráð lengd: 62 m
Breidd: 14 m Dýpt: 10,3 m
Vél: Caterpillar 4408 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 24



Árni Friðriksson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2010 var rannsóknarskipið Árni Friðriksson RE 200 við rannsóknir á miðunum SV af Hornafirði. Veður: SSA 4 m/s og sléttur sjór.

Skipverjar voru að setja út Sondu til sjávarsýnatöku þegar einn þeirra, sem studdi við hana á meðan hún fór yfir borðstokkinn, klemmdi baugfingur hægri handar á milli hennar og borðstokks. Áverkarnir voru þess eðlis að ákveðið var að sigla með skipverjann til Reyðarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að Sondan er um 70 til 80 kg og er hífð út með krana til sjósýnatöku á mismunandi dýpi en á meðan er skipið ferðlaust.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.